

## Svar

**dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur um hlustun samskipta á milli sakborninga og verjenda þeirra.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu oft hefur lögregla hlustað á samtöl eða önnur samskipti sakborninga við verjendur sína á síðustu fimm árum?*
2. *Hversu fljótt var upptökum eytt eftir að í ljós kom að um samskipti sakborninga og verjenda var að ræða, sbr. lokamálslið 1. mgr. 85. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008?*
3. *Var hlutaðeigandi aðilum tilkynnt um þessar aðgerðir, sbr. 1. og 2. mgr. 85. gr. fyrrgreindra laga?*

Við vinnslu fyrirspurnarinnar var óskað eftir upplýsingum frá öllum lögregluembættum landsins og embætti héraðssaksóknara.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu og héraðssaksóknara hefur ekki komið til þess á síðastliðnum fimm árum að lögregla hafi hlustað á samtöl eða önnur samskipti á milli sakborninga og verjenda þeirra.